



# Missir barns

## Félagsráðgjöf til foreldra

### Fósturlát frá 18.-22. viku meðgöngu

Foreldrar geta átt tveggja mánaða sjálfstæðan rétt til sorgarleyfis við fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu. Lágmarkstími sorgarleyfis er tvær vikur í senn og rétturinn fellur niður 24 mánuðum eftir fósturlát. Sótt er um sorgarleyfi hjá Vinnumálastofnun í gegnum heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs: [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is).

#### Gögn sem þarf að skila eru:

- Umsókn um sorgarleyfi.
- Tilkynning um tilhögun sorgarleyfis.
- Læknisvottorð frá sérfræðilækni um lengd meðgöngu. Ráðlagt er að óska eftir því við útskrift af deild.

### Réttindi hjá stéttarfélagi

Sum stéttarfélag veita fæðingarstyrk eða dánarbætur. Kanna þarf réttindi hjá viðkomandi stéttarfélagi.

### Andvana fæðing eftir 22 vikna meðgöngu

Við fæðingu andvana barns eftir 22 vikna meðgöngu skapast sjálfstæður réttur foreldra til sorgarleyfis í allt að þrjú mánuði fyrir hvort foreldri um sig. Lágmarkstími sorgarleyfis er tvær vikur og rétturinn fellur niður 24 mánuðum eftir fæðinguna. Sótt er um sorgarleyfi hjá Vinnumálastofnun í gegnum heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs: [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is).

#### Gögn sem þarf að skila eru:

- Umsókn um sorgarleyfi.
- Tilkynning um tilhögun sorgarleyfis.
- Læknisvottorð frá sérfræðilækni um lengd meðgöngu. Ráðlagt er að óska eftir því við útskrift af deild.
- Tilkynning um að sótt sé um sorgarleyfi ef þegar er búið er að sækja um fæðingarorlof.

## Réttindi hjá stéttarfélagi

Sum stéttarfélög veita fæðingarstyrk eða dánarbætur. Kanna þarf réttindi hjá viðkomandi stéttarfélagi.

## Andlát barns frá fæðingu til 18 ára aldurs

Foreldrar og/eða forsjáraðili geta átt sjálfstæðan rétt til sex mánaða sorgarleyfis við andlát barns. Lágmarkstími sorgarleyfis er tvær vikur og rétturinn fellur niður 24 mánuðum eftir andlátíð. Sótt er um sorgarleyfi hjá Vinnumálastofnun í gegnum heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs: [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is).

### Gögn sem þarf að skila eru:

- Umsókn um sorgarleyfi.
- Tilkynning um tilhögun sorgarleyfis.
- Læknisvottorð frá sérfræðilækni sem hefur sinnt barni.

## Réttindi hjá stéttarfélagi

Sum stéttarfélög veita fæðingarstyrk eða dánarbætur. Kanna þarf réttindi hjá viðkomandi stéttarfélagi.

Athugið að sækja þarf um flest þau félagslegu réttindi sem nefnd hafa verið hér að framan

## Félagsráðgjafar á Barnaspítala Hringins og kvennadeildum

Foreldrar geta óskað eftir tilvísun til félagsráðgjafa hjá lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður. Félagsráðgjafar styðja fjölskyldur við að takast á við ýmsa erfiðleika vegna veikinda, álags sem getur fylgt veikindum og aðstæðna sem tengjast heilsufari. Þeir eru brú á milli spítalans og heimaumhverfis; fjölskyldulífs, heimilis og samfélags.